

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
Vatnamælingar

Skilagrein 144

LIND HJÁ BESSASTÖÐUM  
- rennslismæling -

Reykjavík, 27. jan. 1958

LIND HJÁ BESSASTÖDUM

Bústjórinn á Bessastöðum, Ingvi Antonsson, og Sigurður Pétursson, gerlafruðingur, óskuðu að vatnsmælingarnar mældu rennsli lindar undir Skothóli í svonefndum Rana í landi Bessastaða.

Mælingin var gerð í dag á tímabilinu kl. 12<sup>30</sup> - 15. Stöög frost hafa verið undanfarið, frostlína aðeins síðustu tímana áður en mæling var gerð. Um ekkert yfirborðsrennsli var að ræða til lindarinnar. Mælingin var gerð með keri. Rensslið til kersins var 0,35 lítrar á sekúndu.

Lindin var grafin upp með jarðýtu á síðastliðnu hausti. Framan við lindaraugað er nú malarþröskuldur, sem er ruðningur ýtunnar. Þversnið ruðnings ástlaði ég nálega  $2 \text{ m}^2$ . Þegar grafið var í ruðninginn mátti merkja að vatn seig þar fram. Ég ástlaði það 0,1 til 0,15 l/s, sem mun vart vera of hátt. Renssli lindarinnar hefur því verið:

0.45 til 0.50 l/s  
eða um  $40 \text{ m}^3$  á sólarhring

Reykjavík, 27. janúar 1958

SR/aj